

✉ Beiðni um umsögn - skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar í Grindavík.

Búið til	21.6.2021 09:13:51
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	18.6.2021 10:35:39
Tilheyrir	📁 202106-0004 - Skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar í Grindavík, umsögn

Efni

Beiðni um umsögn - skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar í Grindavík.

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	18.6.2021 10:35:39	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	Atligeir@grindavik.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202106-0004 (LA, IAS)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Grindavíkurbæ, dags. 1. júní 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032 og nýs deiliskipulags sem gert verður til að skilgreina framkvæmdir sem fyrirhugað er að fara í landi Hrauns og Ísólfsskála til að bæta þjónustu og aðgengi að gosstöðvunum í Geldingadölum. Einnig verður gerð breyting á aðalskipulagi vegna tilfærslu hreinsivirkis við Eyjabakka í Grindavík, legu sæstrengs/ljósleiðara og uppbyggingu göngu og reiðhjólástíga frá íbúðarsvæðunum vestast í Grindavík.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulags- og matslýsingu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það sem þarf að fjalla um í frekari vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins. Í lýsingunni er lýst helstu áherslupáttum en ekki farið nákvæmlega í hvernig vinnan verður í framhaldinu. Þá kemur fram að umhverfismatið verður nýtt til að meta hvort aðrir kostir komi til greina (bls. 12).

Matslýsing gerir grein fyrir fimm breytingum á aðalskipulagi, þrjár þeirra falla undir lög nr. 105/2006. Í Grindavík er fyrirhugað að reisa hreinsivirki á hafnarsvæðinu fyrir skólp frá þéttbýlinu sem fer nú óhreinsað út í sjó og uppfylla með því skilyrði laga og reglugerða samhliða því að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum fráveitu frá Grindavík. Fyrirspurn um matsskyldu hreinsistöðvarinnar var send Skipulagsstofnun þann 30. nóvember 2020 og ákvarðaði Skipulagsstofnun þann 29. apríl 2021 að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þessa framkvæmd.

Gerð verður breyting á skilmálum í kafla 2.3.3. Veitur, þar sem bætt verður við umfjöllun um ljósleiðara og hvar hann mun koma á land ásamt athafnasvæðis fyrir aðstöðuhús. Í gildandi aðalskipulagi er um að ræða ljósleiðarasæstreng frá Evrópu og Ameríku sem kemur á landi í Mölvík og tenginu hans við ljósleiðaranet á landi. Við breytingar á aðalskipulagi verður bætt við nýrri aðkomu fyrir sæstreng í Hraunsvík (sjá bls. 6). Náttúrufræðistofnun telur að hér þurfi frekari skýringa, þ.e. hvort um sé að ræða tvo sæstrengi sem koma á land í Hraunsvík og í Mölvík.

Náttúrufræðistofnun telur þörf á að gerð sé grein fyrir tengingu sæstrengs á landi og framkvæmdum sem þeim fylgja s.s. tengivirki, stöðvarhús o.fl.. Ofan við Mölvík eru lítt röskuð hraun frá nútíma, Katlahraun við Selatanga, sem njóta sérstakrar verndar og eru á náttúruminjaskrá og ofan við Hraunsvík er Festarfjall og áhugaverðar jarðminjar við ströndina sem einnig eru á náttúruminjaskrá. Í Hraunsvík er einn þekktasti fundarstaður gabbrohnýðlinga á Íslandi. Hnýðlingarnir eru í Hrólfsvíkurhrauni sem er pikrít hraun á milli Fiskidalsfjalls og strandar, en slík hraun eru fágæt á Íslandi. Hrólfsvíkurhraunið er því sérstök jarðmyndun á landsvísu og mikilvægt að hlífa því gegn raski.

Gerð er grein fyrir breytingu á stígakerfi Grindavíkur þar sem gert er ráð fyrir nýjum göngu- og reiðhjólástígum frá íbúðarsvæðum að Nesvegi og að stígur verður framlengdur meðfram Nesvegi austur að Grindavíkurvegi. Stígarnir verða byggðir þannig upp að þeir nýtist sem flóttaleiðir frá Grindavík ef til náttúruhamfara koma. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þessa framkvæmd.

Landeigandafélag Hrauns og landeigandafélag Ísólfskála hafa ásamt sveitarfélaginu ráðgert að bæta aðgengi að gosstöðvunum í Geldingadölum og auka þjónustu við ferðamenn með uppbyggingu m.a. göngu- og hjólaleiða, bílastæða, þjónustuhúss salerna og veitingaaðstöðu (bls. 4). Meginuppbygging verður í Nátthagakrika en einnig kann að vera byggð upp þjónusta nær Suðurstrandarvegi. Gert er ráð fyrir að bora eftir vatni og setja upp rotþró fyrir salernisaðstöðu og leggja þangað rafstreng og ljóðsleiðara. Gert verður deiliskipulag fyrir þá stað sem byggðir verða upp. Náttúrufræðistofnun telur varhugavert að fara í miklar mannvirkjaframkvæmdir á svæðinu á meðan eldgosíð í Geldingadölum er enn í fullum gangi og ekki er útséð fyrir hvenær því lýkur. Leysa má þjónustu við ferðamenn með aðstöðu sem hægt er að flytja í burt ef hætta steðjar að svæðinu t.d. vegna hraunflæðis. Mikil reynsla hefur fengist á undanförunum árum t.d. af færanlegum salernishúsum á vinsælum ferðamannastöðum um land allt.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufræði og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum þessa máls gerist þörf á því.

Virðingarfyllt,
Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Sæl/sæll,

Óskað er eftir umsögn við skipulagslýsingu breytingar á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032, sjá hér í viðhengi. Skipulagslýsingin var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar þann 25.maí sl.

Skipulagslýsingin varðar breytingar á Aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032 og nýs deiliskipulags sem gert verður til að skilgreina framkvæmdir sem fyrirhugað er að fara í landi Hrauns og Ísólfskála til að bæta þjónustu og aðgengi að gosstöðvunum í Geldingadölum. Einnig verður gerð breyting á aðalskipulagi vegna tilfærslu hreinsivirkis við Eyjabakka í Grindavík, legu sæstrengs/ljósleiðara og uppbyggingu göngu og reiðhjólástíga frá íbúðarsvæðunum vestast í Grindavík.

Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Grindavíkurbæjar, www.grindavik.is, og hún liggur frammi á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar til 18.júní nk.

Umsögnum við kynnta skipulagslýsingu skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa, Víkurbraut 62, 240 Grindavík eða með tölvupósti á atlgieir@grindavik.is í síðasta lagi 18.febrúar 2021.

Óskað er eftir að umsögn berist eigi síðar þann 18.júní nk. þannig að hægt sé að taka þær fyrir á fundi skipulagsnefndar Grindavíkurbæjar þann 21.júní nk.

Með kveðju/ Kind regards,

Atli Geir Júlíusson

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust

Grindavíkurbær

Víkurbraut 62

240 Grindavík

Sími/Tel. (+354) 420 1100

GSM:898-2854
atligeir@grindavik.is

www.grindavik.is

Fyrirvari/Disclaimer - www.grindavik.is/fyrirvari

Viðhengi

image.png (6 KB)